



# VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 6/2019

Dags. 28. maí 2019

## Álagning dagsekta á Sjó 112 ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

### I.

#### Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins í fiskvinnslu Sjós 112 ehf. (áður Fiskbúðin Sæbjörg), kt. 541295-2599, að Eyjarlóð 7, 101 Reykjavík, þann 4. desember 2018, voru veitt eftirfarandi fyrirmæli í eftirlitsskýrslu B 107494:

- Að útbúa skyldi Baader flökunarvélar í vélasal viðeigandi búnaði svo ekki sé hægt að komast inn að óvörðum skurðarhnífum og hreyfanlegum hlutum vélanna.
- Að stilla skyldi öryggisbúnað á Baader 51 roðflettivél svo starfsmenn komist ekki inn á hættusvæði hennar en grind sem stöðvar vélin lyftist of hátt ef líkamshluti fer undir.
- Að í áhættumati skyldi fara yfir notkun á lokum á hliðum Baader flökunarvélar í vélasal sem voru opin og útbúa vélarnar viðeigandi búnaði svo þær valdi ekki hættu við notkun og ekki sé hægt að komast inn að óvörðum skurðarblöðum og hreyfanlegum hlutum.
- Að í áhættumati skyldi fara yfir öryggi flökunarvélar með tilliti til staðsetninga neyðarstöðvunar við starfstöð starfsmanna og ops inn að hníf vélanna fram hjá matara við starfsstöð og gera viðeigandi úrbætur á grundvelli matsins.
- Að í áhættumati skyldi fara yfir staðsetningu neyðarstöðvunar á Baader 51 roðflettivélar í innri sal og gera viðeigandi úrbætur.
- Að gera skyldi ráðstafanir til að tryggja að opnir öxlar og öxulendar valdi ekki hættu.
- Að útbúa skyldi öll færribönd þannig að starfsfólk geti ekki klemmst eða slasast.
- Að útbúa skyldi kassaþvottavél með viðeigandi búnaði svo hún valdi ekki hættu við notkun og ekki sé hægt að komast inn á hættusvæði hennar.

- Að setja skyldi fullnægjandi neyðarstöðvun fyrir allar hættulegar vélar í vélasal en slíkan búnað vantaði m.a. á hausara.
- Að fara skyldi yfir staðsetningu neyðarsturtu með tilliti til mögulegrar notkunar og framkvæma viðeigandi úrbætur, en sturtan þarf að vera stutt frá hættusvæðum til að vera aðgengileg starfsmönnum ef þörf er á.
- Að fara skyldi yfir öryggisblöð efna í efnageymslu með tilliti til þarfar á sírennandi augnskoli og neyðarsturtu í eða við efnageymslu og framkvæma viðeigandi úrbætur.
- Að fá skyldi öryggisblöð fyrir hættumerkt efni, fara yfir efni þeirra og kynna starfsmönnum og gera viðeigandi úrbætur.
- Að merkja skyldi hurð efnageymslu með merkingu sem gefur til kynna hvað geymt er í efnageymslunni og hafa efnageymslu læsanlega.
- Að viðeigandi hlífðarfatnaður og persónuhlífar skyldi vera til staðar vegna meðhöndlunar og umgengni eiturefna samkvæmt öryggisblöðum.
- Að tryggja skyldi að alltaf væri hægt að komast að neyðarhnappi fyrir neyðarbjöllu í frystiklefa og einnig skyldi alltaf vera hægt að virkja neyðarhnapp niður við gólf.
- Að setja skyldi sílogandi neyðarlýsingu í frystiklefa.
- Að gera skyldi ráðstafanir til að flytja hnífa, s.s. flatnings- og aðrar handhnífa sem og hnífa (blöð) í fiskvinnsluvélar, á öruggan hátt sem veldur starfsmönnum ekki hættu.
- Að lagfæra skyldi pall við hausara en hann hallar töluvert að hausaranum.
- Að tryggja skyldi gönguleið undir færiband og verja/tryggja varasama staði á gönguleiðum.
- Að í áhættumati skyldi fara yfir öku- og gönguleiðir innanhúss með tilliti til afmörkunar og aukins öryggis og gera viðeigandi úrbætur.
- Að gera skyldu skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustaðinn.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, ásamt liðum 2.4, 2.8 og 2.17 í I viðauka hennar, 4., 5. og 10. gr. reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, ásamt síðari breytingum, 3. gr. reglna nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum, 1.-4. mgr. 3. gr., 6. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr. 39. gr. og 6. mgr. 37. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystiklefa og búnað í frystihúsum, Staðalsins ÍST EN 378-1:2016 um kælikerfi og varmadælur (viðauki D), 21., og 26.-28. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmda vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og 37., 46., og 51. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Í framangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að Sjór 112 ehf. skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin nr. 1-3 voru ítrekuð með bréfi Vinnueftirlits ríkisins til Sjós 112 ehf., dags. 8. febrúar 2019. Þrátt fyrir það barst Vinnueftirliti ríkisins ekki tilkynning um úrbætur frá fyrirtækinu.

Með bréfi, dags. 10. apríl 2019, var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en frekari ákvarðanir yrðu teknar af hálfu Vinnueftirlits ríkisins. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins hygðist leggja dagsektir á Sjó 112 ehf. þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Sjór 112 ehf. var veitt 14

daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Frá netfangi öryggisvarðar fyrirtækisins barst tölvubréf sem ritaður var til netfangs erlends einstaklings með afriti á Vinnueftirlit ríkisins. Tölvubréfið var ritað á ensku og mátti finna í póstinum skjal sem virtist vera gögn en voru í raun slóð á erlenda heimasíðu. Upplýsingatæknideild Vinnueftirlits ríkisins fór yfir umrætt tölvubréf og komast að þeirri niðurstöðu að innihald bréfsins væri ekki örugg og lagði til að því yrði eytt strax.

Með bréfi dags. 3. maí 2019, var vakin athygli á því að Vinnueftirlit ríkisins hafi ekki borist tilkynning um úrbætur eða andmæli innan þess frests sem veittur var með bréfi, dags. 10. apríl 2019, og fyrra andmælaréttarbréf ítrekað. Í framangreindu bréfi Vinnueftirlits ríkisins kom skýrlega fram að berist stofnuninni ekki andmæli eða tilkynning um úrbætur vegna framangreindra fyrirmæla, sbr. 10. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980, fyrir 10. maí 2019, þá yrði tekin ákvörðun um dagsektir á fyrirliggjandi gögnum. Þrátt fyrir ítrekað andmælaréttarbréf barst Vinnueftirliti ríkisins ekki tilkynning um úrbætur frá fyrirtækinu.

Þann 13. maí 2019 sendi Vinnueftirlit ríkisins tölvubréf til fyrirtækisins þar sem fram kom að Vinnueftirliti ríkisins hefði ekki borist tilkynning um úrbætur vegna eftirstandandi fyrirmæla í framangreindri eftirlitsskýrslu. Tölvubréfið sem sent hafi verið væri ófullnægjandi tilkynning af framangreindum ástæðum. Var fyrirtækinu veittur lokafrestur til og með 16. maí 2019 til að framkvæma fullnægjandi úrbætur og tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um þær með fullnægjandi hætti að öðrum kosti myndi stofnunin leggja dagsektir á fyrirtækið og ákvörðun þess efnis send út 20. maí 2019. Vinnueftirliti ríkisins hefur ekki borist andmæli eða umrædd tilkynning um úrbætur frá Sjó 112 ehf.

## **II. Niðurstaða**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laganna, er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfærð.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Samkvæmt 37., 42. og 46. gr. laganna skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ákvæði 10. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980 kveður á um það að beini Vinnueftirlit ríkisins skriflegum fyrirmælum til atvinnurekanda um úrbætur á vinnustað ber viðkomandi atvinnurekanda eða fulltrúa hans að tilkynna stofnuninni formlega, svo sem bréflega eða rafrænt, þegar umræddum úrbótum er lokið á vinnustaðnum. Þar sem Sjó 112 ehf. hefur ekki farið að framangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir ítrekanir Vinnueftirlits ríkisins þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á Sjó 112 ehf. dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr.

46/1980, þangað til Sjór 112 ehf. uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að séu ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 24 starfsmenn hjá Sjó 112 ehf.

Tuttugu og eitt fyrirmæli eru útistandandi á fyrirtækið og varða þau nær öll öryggi starfsmanna. Úrbætur eru því mjög aðkallandi og við ákvörðun fjárhæðar dagsektar var það haft til hliðsjónar.

### III.

#### Ákvörðunarorð

„Sjór 112 ehf., kt. 541295-2599, hefur brotið gegn 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, ásamt liðum 2.4, 2.8 og 2.17 í I viðauka hennar, 4., 5. og 10. gr. reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, ásamt síðari breytingum, 3. gr. reglna nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum, 1-4 mgr. 3. gr., 6. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr. 39. gr. og 6. mgr. 37. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystiklefa og búnað í frystihúsum, Staðalsins ÍST EN 378-1:2016 um kælikerfi og varmadælur (viðauki D), 21., og 26.-28. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmda vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og 37., 46., og 51. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, sbr. 38., 43., 47., 51. og 65. gr. laganna.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Sjó 112 ehf. Skal Sjór ehf. greiða kr. 250.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þessa ákvörðun og þar til það hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 4. desember 2018.”

Virðingarfyllt,  
f.h. Vinnueftirlit ríkisins